

Fjallalax ehf.
Strandgötu 11
465 Bíldudalur

Reykjavík, 30.5.2025
UOS2501405/A.E.H.
11.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 2. maí 2025 – Fjallalax ehf. Arnarlax, Hallkelshólum Grímsnesi, ID 309.

Þann 2. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar hjá Fjallalaxi ehf. (Arnarlaxi) í Hallkelshólum í Grímsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik eru opin.

Fosfórslosun var 10,5 kg P/tonn út frá fóðri og var yfir mörkum starfsleyfis fyrir árið 2022. Fosfórslosun var 10,8 kg P/tonn út frá fóðri og var yfir mörkum starfsleyfis fyrir árið 2023.

Rekstraraðili vann eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldri frávikin og átti þeim að vera lokið 1. maí 2024 og þann 12. ágúst 2024. Frávikin eru ennþá opin.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Merkingar á sýnatöku niðurstöðum. Niðurstöðurnar voru merktar Eldistöðinni Íspór og Fjallalaxi, æskilegt er að niðurstöður séu merktar þeirri stöð sem sýnatakan á sér stað.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Taka skal sýni tvisvar á ári í hámarks- og lágmarkslífmassa og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðinni og í útrás frárennslis. Sýni voru einungis tekin í hámarkslífmassa.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaaukningu á ári. Fosfórslosunin reiknaðist 10,8 kg P/tonn.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. júní 2025.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur